

NES FRÉTTIR

AUGLÝSINGASÍMI
511 1188

SEPTEMBER 2014 • 9. TBL. • 27. ÁRG.



Vesturbæjarútibú við Hagatorg



Góð mæting var á íbúafundinum.

Fjölmenni á íbúafundi

Fjölmenni var á íbúafundi sem fram fór í hátíðarsal Gróttu fimmtudaginn 11. september. Þar kynntu Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri, Árni Geirsson frá Alta og Bjarni Torfi Álfþórsson formaður skipulags- og umhverfisnefndar upphafsskrefin í endurskoðun á aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar.

Að loknum erindum var boðið upp á fyrirspurnir úr sal sem margir nýttu sér og urðu umræður góðar og gagnlegar. Það sem íbúar létu sig helst varða voru málefni á borð við vestursvæðin, golfvöllinn, hjóla- og göngustíga, Valhúsaæðina, aldurssamsetningu íbúa og fleira.

Íbúar Seltjarnarness eru hvattir til að koma ábendingum á framværi við skipulagsnefnd bæjarins með því að senda erindi á netfangið postur@seltjarnarnes.is en það er afar mikilvægt að skipulagsnefnd fái sem flestar ábendingar frá íbúum, núna þegar verkið er að hefjast. Aðalskipulag er eitt mikilvægasta stjórnækið sem hver sveitarstjórn hefur til að hafa áhrif á margvíslega þróun innan marka sveitarfélagsins til langs tíma. Þar sem upphaflegur gildistími aðalskipulagsins er nú um það bil hálfnaður þótti bæjarstjórn rétt að staldra við og fara yfir stefnuna.



Ægisíða 121
Sími 551 1717

Opið alla virka daga
frá kl. 10 – 17.30.



Hringbraut 119
Sími: 562 9292



Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þú getur tengst Netbankanum þínum í gegnum farsímann.



Skannaðu kóðann til að sækja „appið“ frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/farsiminn



Hafðu bankann með þér



Íslandsbanki

NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð, Eiðistorgi 13-15, 170 Seltjarnarnes, Pósthólf 172. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þóroddur Ingimarsson

UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Eru Íslendingar afturhaldssamir?

Íburðarviðtali Nesfrétta við Ágúst Einarsson prófessor kemur hann inn á marga hluti í sambandi við okkur Íslendinga í gegn um aldirnar. Þar kemur fram að náttúruhamfarir af mannavöldum á Íslandi hafi verið lítið minni en náttúruhamfarir af völdum náttúrunnar sjálfrar. Spyrja má hvort við Íslendingar munum aldrei geta lært að stjórna okkur almennilega. Fyrst var bændasamfélagið sem stóð gegn flestum framförum. Viðhélt vistaböndum og lagðist gegn því að fólk bygði sér ból við sjóinn. Þessi afturhaldsmennska tafði framfarir um áratugi (aldir).

Þrátt fyrir að síðasta öld hafi verið öld framfara á margan hátt erum við enn í hálfgerðum vistaböndum. Þar ræður tregða til þess að starfa með öðrum þjóðum nokkru um. Við verðum að efla samstarf okkar – sérstaklega við Norðurlöndin og ríki í norður Evrópu sem eru okkur líkust og hafa reynsluna. Íslenska krónan heldur Íslendingum einnig í vistaböndum. Hægt væri að byggja einn til tvo Landspítala fyrir það fé sem kostar að vera með þessa örmynt. En því miður er engin vilji til þess að breyta því og leita í alvöru leiða til þess að taka upp aðra og alþjóðlegri mynt. Þar ræður þröngsýnin og afturhaldsmein for líkt og í bændasamfélaginu gamla.

Ágúst kveðst í viðtalinu ekki hafa lengur áhuga á því að Seltjarnarnes sameinist Reykjavík. Honum finnst það vera of stór biti. En á landsbyggðinni þarf nauðsynlega að sameina sveitarfélög. Í fyrstu atrennu mega þau ekki vera með færri en 1000 íbúa og helst fleiri. En slík sameining verður ekki gerð með íbúakosningum. Þar ríkir afturhaldsemin gamla því miður. Sameining sveitarfélaga verður að fara fram með lögum frá alþingi, eins og gert var á Norðurlöndunum fyrir áratugum.

Við Íslendingar erum fáiir og þrasgjarnir og það hefur eyðilagt mjög mikið fyrir okkur. Stefna á að gera landið að einu kjördæmi. En þingmenn okkar skortir vilja og kjark til að gera það eins og svo margt annað sem gæti orðið til hagsbóta fyrir okkar þjóð. Þar ræður afturhaldið for nú sem fyrir.

Sýndartölvur kennslutæki í grunnskólunum



Gunnar Lúðvíksson, fjármálastjóri Seltjarnarnesbæjar og Anton M. Egilsson, lausnarráðgjafi Nýherja.

Stefnt er að því að svonefndar sýndartölvur verð settar upp í kennslustofum í grunnskólum Seltjarnarnesbæjar. Alls munu 56 tölvur verða settar upp í báðum skólunum en verkefnið er unnið í samvinnu við upplýsingatæknifyrirtækið Nýherja.

Með þessari tækni gera kennarar dreift og miðlað kennsluefni til nemenda í kennslustundum í gegnum eina móðurtölvu. Hægt verður að dreifa upplýsingum og gögnum með markvissum hætti og auka skilvirkni í almennri kennslu á skólatíma auk þess að spara má fjármuni

með þessari aðferð. Rekstrarkostnaður og leyfisgjöld eru lægri en með hefðbundnum tölvubúnaði og skólar þurfa ekki að greiða neinn upphafskostnað fyrir vélbúnað sem gefur möguleika á hraðari endurnýjun en í hefðbundnum kerfum. Sýndartölvur eru auk þess umhverfisvænni. Þær nota minna rafmagn en hefðbundnar borðtölvur auk þess sem öllu viðhaldi er sinnt miðlægt frá einum stað. Sýndartölvur eru ekki með stýrikerfi, diska, minni eða örgjörva og eru nánast aðeins skjár fyrir gögn.

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími
511 1188



Gerir við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

rafmagn@mi.is



opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

Nesbíúinn



Ætlar afturhaldið að taka yfir á Nesinu?

GEFÐU ÞÉR GÓÐAN TÍMA Í LONDON

Verð frá **17.600*** kr.

Þessi ferð gefur frá 1.500 til 4.500 Vildarpunkta aðra leiðina.



Njóttu hvernar mínútu

Það er ekki nauðsynlegt að hlaupa upp og niður Oxford-stræti til að kíkja í allar búðirnar. Strunsa framhjá stórmennum mannkynssögunnar í Madame Tussauds. Það sem skiptir máli er að njóta tímans. Skoða umhverfið og fólkið. Horfa á dúfurnar við Marble Arch. Eiga gæðastundir og safna minningum sem lifa.

+ Bókaðu núna á icelandair.is

    Vertu með okkur

ICELANDAIR 

* Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar.

Vitrex

hágæða
útimálning
fyrir íslenskar
aðstæður



Restun Birtingalás



Opnunartími:
Virka daga: 08.00 – 18.00
Laugardaga: 10.00 – 14.00

Borgartúni 22 Rvk. - Dugguvogi 4 Rvk. - Dalshrauni 11 Hfj. - Furuvöllum 7 Ak. - slippfelagid.is



Munið Minningarkort Kvenfélagsins Seltjarnar
Til styrktar kirkjusjóði Seltjarnarneskirkju
Þau fást á Þejaarskrifstofu Seltjarnarness
Austurströnd 2 - Sími: 595-9100

Gylfi kvaddur



Á myndinni er Gylfi fyrrum skólastjóri sá fimmti frá vinstri í aftari röð en við hlið hans stendur Kári Húnfjörð Einarsson núverandi skólastjóri Tónlistarskóla Seltjarnarness.

Gylfi Gunnarsson skólastjóri Tónlistarskóla Seltjarnarness í hartnær 35 ár kvaddi vinnustaðinn og vinnufélaga á Seltjarnarnesi á samkomu sem haldin var honum til heiðurs í sal Tónlistarskólans í byrjun september.

Voru honum þökkuð vel unnin störf, færðar gjafir og árnað heilla í framtíðinni auk þess sem Gylfi flutti stutta kveðjuræðu þar sem hann leit yfir farinn veg.



Hrein lífræn næring

-sem gefur hreysti, orku og einbeitingu



Nýtt frá Lifestream
Meira en 40 næringarík lífræn fæðuefni og jurtir.
Valinn bragðbesti græni drykkurinn.

Þekkt vörumerki, margverðlaunað og viðurkennð
Eingöngu náttúruleg hrein bætiefni.
Lífrænar húðvörur. Hjúkrunarvörur og græn sáralækning.



PUREOLOGICAL

casall



Heilsuráðgjöf og heilsuáætlun. Opíð 10-18, virka daga - Ægisíða 121 - Sími: 551 1777



Hringbraut 119
Sími: 562 9292
www.hroi.is

Listahátíð Seltjarnarneskirkju 2014:

Farsæld í 40 ár

Mjög áhugaverð Listahátíð Seltjarnarneskirkju 2014 verður haldin dagana 27. september til 5. október nk., en þá verður fagnað 40 ára afmæli bæjarins og safnaðarins á Seltjarnarnesi auk málverkasýningar sem mun standa um mánaðartíma. Kirkjan sem reist var fyrir aldarfjórðungi hefur fyrir löngu áunnið sér sess sem helsta menningarmiðstöð bæjarins. Listahátíðir kirkjunnar hafa verið haldnar reglulega annað hvert ár frá 1992. Verður fjölbreytt hátíð í ár helguð 40 ára afmæli sóknarinnar, um leið og minnst verður 40 ára afmælis Seltjarnarneskaupstaðar og góðs samstarfi kirkju og bæjar öll þessi ár.

Sú hefð hefur skapast á listahátíðum að tengja listahátíðarnar við ákveðinn ritningarstað Biblíunnar og sjálfsgagt þótti nú að talan 40, sem ber víða fyrir í Biblíunni, kæmi þar við sögu. Varð texti úr 5. Mósebók fyrir valinu og á hann vel við: „Þessi fjörutúfa árfur Drottinn Guð þinn verði með þér...” (5Mós 2.7). Eins og á liðnum hátíðum er myndlistin frá einum listamanni. Að þessu sinni eru það verk Sveins heitins Björnssonar (1925-1997). Sveinn málaði m.a. mörg verk tengd sjósókn en einnig mikið út frá Passíusálmum Hallgríms en hátíðin í ár er líka helguð minningu þessa ástsælasta sálmaskálds okkar nú þegar 400 ár eru liðin frá fæðingu hans.

Dagskráin fer fram í kirkjunni og verður annars sem hér segir: 27. sept. laugard. kl. 16 verður hátíðin sett með ávarpi formanns dr. Gunnlaugs



Nokkrir þeirra snjöllu listamanna sem þar koma fram: Kammersveit Reykjavíkur heldur tónleika; Ari Bragi Kárason trompetleikari og Þorvaldur Þorvaldsson trymbill leika fyrir unga fólkið; Gunnar Kvaran sellóleikari og Selma Guðmundsdóttir píanóleikari verða með tónleika.

A. Jónssonar. Opnuð verður sýning á trúarlegum listaverkum Sveins Björnssonar. Erlendur Sveinson, sonaur Sveins mun flytja erindi um Trúarleg stef í myndlist Sveins Björnssonar. Tónlist verður flutt. Friðrik Vignir leikur á orgel, Ari Bragi Kárason á trompet og Eygló Rúnarsdóttir syngur. Léttar veitingar verða.

Sveinn Björnsson og séra Hallgrímur

Sunnudaginn 28. sept. kl 16 verða tónleikar. Gunnar Kvaran og Selma Guðmundsdóttir leika

á selló og píanó. Tvö kvöld í miðri viku verður kvikmynd Erlendar Sveinssonar: Málarinn og sálmurinn hans um litinn sýnd. Ari Bragi Kárason bærlistamaður og Þorvaldur Þorvaldsson trymbill flytja tónlist fyrir unga fólkið. Laugardaginn 4. okt. kl. 16 verður Hallgrímsstefna. Leikin verður tónlist frá



Verk eftir Svein Björnsson listmálara.

17. öld: Friðrik Vignir Stefánsson orgel/píanó og Guðbjörg Hilmarsdóttir sópran. Steinunn Jóhannesdóttir rithöfundur flytur erindið Hallgrímur Hólastrákur og Einar Sigurbjörnsson prófessor emerítus flytur erindið Upp, upp mín sál. Presturinn og sálmaskáldið Hallgrímur Pétursson. Sunnud. 5. okt. kl. 16 verða svo tónleikar Tónleikar Kammersveitar Reykjavíkur. Hátíðin mun sem fyrr segir standa 27. sept. til 5. okt. en málverkasýningin lengur. Yfirskrift hennar verður SÁLMURINN UM LITINN. Það er ákveðin tilvísun í kvikmyndina, sem heitir Málarinn og sálmurinn hans um litinn. En umfjöllunarefni kvikmyndarinnar er nátengt viðfangsefni sýningarinnar, tilurð passíusálmamynda með rætur í Sálmum á atómöld og samstarfssýningu Sveins Björnssonar og Matthíasar Johannessen á Seltjarnarnesi á sínum tíma.

Glæsileiki í hólfi og gólf

Glæsilegt endaraðhús á Nesinu er til sölu.

Húsið er endaraðhús, Bollagarðar 7.

Húsið er hannað og innréttað á afar glæsilegan hátt og garðurinn einnig.

Stærð: 204 fermetrar með bílskúr.

Verð: 59,5 milljónir.

Opið hús sunnudaginn
21. sept. kl. 15:30 - 16:00.



Nánari upplýsingar veita Úlfar Davíðsson löggiltur fasteignasali s. 897-9030 og Gunnlaugur Þránínsson sölufulltrúi s: 844-6447 eða aðrir sölumenn hjá Borg fasteignasölu.

BORG
FASTEIGNASALA

Er Seltjarnarnesið enn lítið og lágt?

Á kynningarfundum um nýtt aðalskipulag sem fram fór fyrir skömmu mátti heyra enduróm úr kvæði meistarara Þórbergs í málflutningi einhverra fundarmanna. Þó voru þeir sínu fleiri sem báru gæfu til að rísa upp úr meðalmennskunni og létu hvorki stjórnast af þröngum eiginhagsmunum né hræðslu við hið ókomna en bentu réttilega á að bæjarfélagið okkar væri til fyrirmyndar um flesta hluti og til þess að svo mætti verða áfram þyrfti að hafa kjark til að taka ákvarðanir.

Undirritaður hefur átt sér þann draum og talað fyrir honum s.l. tvö ár sem formaður Nesklúbbsins að hið dásamlega svokallaða Verstursvæði Seltjarnarness yrði skipulagt með það í huga að þar mættu sem flestir fá notið útiveru og hollrar hreyfingar.

Meginhugsunin er að með snjöllu skipulagi megi allt í senn; gefa öllum sem þess kjósa kost á að stunda gólf, bæta aðstöðu til alls konar annarrar útivistar, vernda fuglalíf, náttúruvætti og mynjar og samnýta þá fjárfestingu sem bæjarfélagið og Nesklúbbur-

inn leggja í framkvæmdir svo sem við þjónustuhús, vegi, stíga og bílastæði. Byltingarkenndustu hugmyndirnar eru að endurheimta Seltjörn, búa til ylströnd og byggja nýtt þjónustuhús fyrir gesti hennar, kylfinga og alla aðra gesti svæðisins, í nágrenni Bakkatjarnar.

Þær fyrirætlanir sem skotið hafa upp kollinum að undanförunu um að endurheimta sem mest af því landi sem tapaðist í Básendaflóðinu 1799 gera þessar hugmyndir í senn betri og framkvæmanlegri. Við endurskoðun aðalskipulags þurfum við að hafa lífsgæði komandi kynslóða á Seltjarnarnesi í huga, en ekki aðeins stundarhagsmuni okkar sjálfra.

Ólafur Ingi Ólafsson

Skoðanir þær sem hér koma fram eru ekki endilega skoðanir Nesklúbbsins.



Ólafur Ingi Ólafsson.



Hressir krakkar í jafningjafræðslunni.

Margt um að vera í jafningjafræðslunni

Margt var um að vera í ungmenhúsinu Skelinni á Seltjarnarnesi í sumar en þar fengu unglingar úr Vinnuskóla Seltjarnarness fræðslu frá jafnöldrum sínum um ýmis konar málefni.

Unglingarnir voru í tvo daga í Skelinni og var aðaláhersla lögð á fræðslu frá jafningjafræðurum en auk þess var farið í hópefli og ýmis verkefni lögð fyrir. Krakkarnir voru duglegir við að taka þátt í umræðum og leikjum en margar skemmtilegar og áhugaverðar umræður sköpuðust. Má með sanni segja að starfið hafi verið bæði árangursríkt

og skemmtilegt. Jafningjafræðslan er verkefni á vegum Hins hússins í Reykjavík sem hefur verið starfrækt undanfarin ár. Unnið er eftir hugmyndafræðinni að „ungur fræði ungan“, en í því felst að forvarnir eru unnar af ungu fólki fyrir ungt fólk. 16 ungmenni af höfuðborgarsvæðinu, þar af tvö af Seltjarnarnesi, sjá um fræðsluna en fjallað er um ýmis málefni, s.s. sjálfsmynd, kynlíf og vímuefni. Jórunn María Þorsteinsdóttir og Friðrik Árni Halldórsson sáu um jafningjafræðslu á Seltjarnarnesi í ár.

Aðalheiður Hjelm

Rætur Náttúrunnar

Hómópati LCPH
Hofuðbeina- og spjaldhryggjar meðferð
SCIO orkujöfnun
BIOSUN eyrnakerti
Snyrtifráeðingur

Nyjaland
Eiðistorgi
Sími/Tel: 898-3052
alla@raetur.is

facebook: Rætur Náttúrunnar

SÆLKERASEÐILL

Hefst með glasi af Codorníu Cava

- Serrano með Fava baunasalati
- Kolkrabbi með kartöflumús og lime-pistasíu vinaigrette
- Gellur og kræklinur í Basquesósu með sveppum og steiktum kartöflum
- Saltfiskur með piquillo papríku alioli
- Hægelduð nautakinn með rauðvínsgljáa

Og í eftirrétt

- Geitaostakaka með quince hlaupi og karmellúsósu

6.990 KR.

BASKAVIKA

23.-30. september

Komdu og smakkaðu 6 rétta sælkeraseðil um Baskaland, settan saman af gestakokkinum Sergio Rodriguez Fernandez.

BRAGÐAÐU Á BASKALANDI

Campo Viejo



Tapas
RESTAURANT-BAR

Vesturgötu 3B | 101 Reykjavík | Sími 551 2344 | www.tapas.is

ALLT FYRIR GÆLUDÝRIN
Í BYKO GRANDA!



Vnr. 42373861
Hundabúr, svart járn,
60x43x51 cm.
8.995 kr.

Vnr. 42373805
Matarskál með skrauti.
1.295 kr.



Vnr. 42335163
Hundabúr úr járni,
hallandi, 78x48x56 cm.
9.990 kr.



Vnr. 42335269
Ól 40-55 cm,
20 mm.
995 kr.



BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.



Vnr. 42373791
Stálskál.
1.295 kr.



Vnr. 42335266
Beisli, 35x50 cm.
1.295 kr.



Vnr. 42335263
Bursti, tvískiptur.
1.695 kr.



Vnr. 42373788
Leikfang.
395 kr.



Vnr. 42373329
Áhaldasett, 4 stk.
1.595 kr.



Vnr. 42335267
Taumur, 1 m, 20 mm.
1.395 kr.



Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.



Josera.

JOSERA hágæða fóður, hefur mjög hátt kjöthlutfall. Kjötíð er 100% rekjanlegt frá sláturhúsi og er hæft til manneldis. JOSERA notar ekki hveiti, soja, mjólkurvörur eða sykurl í sínar vörur og þær eru framleiddar án litar-, bragð- og rotvarnarefna.

www.well.is / YFERR matnaðisatna



facebook.com/BYKO.is

Viðtal við Ágúst Einarsson

Við þurfum að vanda okkur

Ágúst Einarsson prófessor og fyrrum alþingismaður og rektor spjallar við Nesfréttir að þessu sinni. Hann hefur búið á Seltjarnarnesi í nær 35 ár frá því hann fluttist þangað með fjölskyldu sinni 1980. Ágúst hefur frá mörgu að segja bæði sem áhugamaður um stjórnmál og fræðimaður og hefur ákveðnar skoðanir þar sem hann dregur ekkert undan. Þetta spjall hófst á Seltjarnarnesi en síðan flakkaði hann um heiminn eins og honum er lagið en tengdi söguna og viðhorf sín jafnan við íslenskan veruleika. Hann endaði aftur á Nesinu og kvaðst viss um að hann myndi ekki greiða sameiningu atkvæði í dag yrði kosið um sameiningu Seltjarnarness við Reykjavík þótt hann hafi talið það rétt á sínum tíma. Við gefum Ágústi orðið.

„Við bjuggum 15 ár á Barðaströndinni og frá 1995 á Fornuströndinni og höfum því búið á Nesinu í bráðum 35 ár. Við höfum alltaf verið norðanmegin á Nesinu og munum ekki fara þaðan nema sem englar. Það er fallett á Nesinu og þar býr gott fólk og bæjarfélagið er gott. Því er vel stjórnað og skipulaga er með ágætum. Við ólum strákana okkar þrjá upp hér sem nú eru fullorðnir menn. Þeir gengu í Mýrarhúaskóla og Valhúaskóla. Þetta eru mjög góðir skólar og strákunum hefur vegnað vel. Ég er sannfærður að þeir búa að því sem þeir lærðu í þessum skólum. Konan mín, Kolbrún Ingólfsdóttir, er frá Víðimelnun en sjálfur er ég fæddur á Bárugötunni í Vesturbænum. Eldri systur mínar eru fæddar í Vestmannaeyjum. Við vorum ellefu systkinin og erum átta á lífi. Ég var lengi prófessor í Háskóla Íslands og varð síðar rektor Háskólans á Bifröst og er núna prófessor þar. Ég hef gaman af kennslu, rannsóknum og skrifum og er að leggja lokahönd á mína 26. bók en hún er um hagræn áhrif ritlistar. Ég hef verið prófessor í 25 ár, setið á Alþingi, stjórnað fyrirtækjum og setið í fjölda stjórna þannig að ég get ekki kvartað yfir tilbreytingarleysi í mínu lífi og starfi. Flestar systur mínar búa í Vesturbænum og ég tel Seltjarnarnes vera hluta af þessari stærri byggð sem má kalla Vesturbæ. Ég er ekki mikið fyrir að aðgreina Vesturbæinn og Seltjarnarnes. Ég er KR-ingur og fer stundum á völinn en held þó með Gróttu þegar þeir keppa við KR, sem gerist nú reyndar ekki oft.“



Kolbrún S. Ingólfsdóttir og Ágúst Einarsson ásamt barnabörnum.

Einstakt að vera afi

„Við eigum fjögur barnabörn. Fjórar litlar prinsessur. Sú elsta er tólf ára og það er alveg einstakt að vera afi. Ég man að ég var oft að lýsa þessu fyrir vini mínum Einari Oddi Kristjánssyni heitnum frá Flateyri, fyrrum formanni Vinnuveitendasambandsins og alþingismanni, hversu dásamlegt væri að vera afi. Hann skildi þetta ekki en svo eignaðist hann barnabarn og þá hringdi hann sérstaklega í mig og sagði: „Ég skil loksins Ágúst hvað þú varst að tala um.“ Ég er að vísu í smá vandræðum að gera elstu barnabörnin að KR-ingum því þær búa á svæði Víkings. Ég er þó búinn að ná samningum við þær nema þegar Víkingur er að keppa. Við fórum saman á bikarútslitaleikinn um daginn og fögnuðum þar öll sigri KR.“

Nesstofa er dýrgripur

„Okkur hefur liðið vel hér á Nesinu. Margt er líka sérstakt fyrir utan hið stórkostlega útsýni sem Seltirningar búa við. Við getum nefnt Nesstofu sem er dýrgripur og allt vestursvæðið, fjöruna og stríðsminjarnar upp í Holti sem mættu vera sýnilegri. Mér finnst svolítið merkilegt að hugsa til þess að Nesstofa sem læknaetur er byggð í anda upp lýsingastefnunnar á síðari hluta 18.

aldar. Þetta var gert á sama tíma og Skúli fógeti var að koma Innréttinum á fót í Reykjavík. Öll þessi athafnasemi var að frumkvæði danskra yfirvalda. En þetta koðnaði allt niður, mest vegna andstöðu Íslendinga sjálfra. Mér finnst merkilegt að hugsa til þess þegar maður hefur þennan minnisvarða fyrir augunum að heimurinn stóð kyrr hér á landi fram undir byrjun 20. aldar. Þá fyrst hófst iðnbyltingin í sjávarútveginum. Iðnbyltingin hafði byrjað um 100 til 150 árum fyrr í nágrannalöndunum. Þegar hún barst hingað var búið að byggja upp þokkalega velmegun í öllum nágrannaríkjunum í eina til eina og hálfra öld.“

Værum 850 þúsund

„Ég hef borið saman búsetuþróunina hér á landi og í Noregi. Í lok þjóðveldisaldar – á síðari hluta 13. aldar vorum við um 50 þúsund talsins. Um 600 árum síðar eða um 1850 vorum við enn um 50 þúsund. Ef sambærileg fjölsfjölgun hefði orðið hér og varð í Noregi frá þjóðveldistímanum þá værum við ekki 330 þúsund heldur um 850 þúsund. Náttúrulegar aðstæður ollu þessu að einhverju leyti en einnig okkar eigin aðgerðir. Ein þeirra er að við byggðum ekki upp nein þorp við sjóinn. Þessa miklu auðlind, fiskimiðin, nýttum við lítið. Útlendingar veiddu hér við land

Ég hef borið saman búsetuþróunina hér á landi og í Noregi. Í lok þjóðveldisaldar – á síðari hluta 13. aldar vorum við um 50 þúsund talsins. Um 600 árum síðar eða um 1850 vorum við enn um 50 þúsund. Ef sambærileg fjölsfjölgun hefði orðið hér og varð í Noregi frá þjóðveldistímanum þá værum við ekki 330 þúsund heldur um 850 þúsund.

allt frá 14. öld. Við áttum ekki alltaf góða valdsmenn. Merkilegt er í sögu okkar að mestu afturhaldssegginir voru íslenskir ráðamenn á þessum tíma. Þessi afturhaldshugsun gagnvart breytingum nær allt fram á 20. öld og þessi hugsun er enn nokkuð rótgrön hjá Íslendingum.“

Erum fyrir löngu orðið borgríki

Ágúst telur okkur mun færri en við þyrftum að vera. „Ég hef átt þá draumsýn að Íslendingar yrðu miklu fleiri. Við getum enn farið þá leið sem Bandaríkjamenn fóru á 18. og 19. öld. Þá fluttist fólk til Bandaríkjanna. Það kom frá mörgum Evrópulöndum og varð að Bandaríkjamönnum eftir eina til tvær kynslóðir. Ég hef slegið því fram að hér ættu að búa um þrjár milljónir manna og þetta aðflutta fólk myndi verða Íslendingar eftir tvær kynslóðir. Þriðja kynslóðin yrði orðin innfæddir Íslendingar. Þetta hefur gerst víðar í heiminum. Það er margt einkennilegt við búsetu hér á landi. Um tveir þriðju hlutar þjóðarinnar búa á höfuðborgarsvæðinu – á einu prósent af stærð landsins en í öðrum hlutum þess eða 99% er byggð ótrúlega strjál. Mér fannst þetta svo merkilegt að ég skoðaði hvernig íbúadreifingu er háttáð í háttáð í hinum 200 löndum heimsins. Að svona stór hluti af landsmönnum búi á sama blettinum þekktist varla. Ísland er fyrir löngu orðið borgríki. En það er aldrei viðurkennt í almennri umræðu og alls ekki í stjórnmálaumræðunni. Landsbyggðin er löngu horfin sem slík en auðvitað er til dreifbýli á Íslandi

sem vitaskuld þarf að taka tillit til. Þessi sérstæða þróun á íbúafjölda og búsetunni og hvað við erum fá það markar umgjörð okkar að miklu leyti.“

Þróun til bættra lífskjara er ekki sjálfgefin

„Við viljum halda þessu stóra landi í byggð,“ segir Ágúst en bendir á að það kosti peninga. „Fólk sem vill búa á dreifbýli á að eiga kost á því en fyrir marga þýðir það einfaldlega lakari þjónustu. Ég skil fólk vel sem vill flytja í þéttbýli þar sem er stærri umgjörð og auðveldara er með skólagöngu. En lítið er rætt um þessi vandamál. Mjög margt hefur breyst hér á landi á síðustu 115 árum ef miðað er við upphaf 20. aldarinnar. Þá hófst tímabil mikillar velmegunar. Við brutumst úr örbirgð og ekki aðeins til bjargálna heldur urðu með þeim þjóðum heims sem hafa best lífskjör. Lífskjörin eins og þau voru hjá okkur í byrjun 20. aldar eru á borð við lífskjör eins og þau eru núna í Kambódíu í Asíu og Kamerún í Afríku. Við vorum í 10 til 15 sæti hvað lífskjör varðar fyrir bankahrundið 2008 og erum nú í 20. til 25. sæti en það er ekkert óhemju fall miðað við afkomu hjá fjölda þjóða.“

Bókmenntir og landhelgisútfærslan

„Við eigum góða framtíð ef við horfum raunsætt á málin og gerum okkur grein fyrir fámenninu sem gerir það að verkum að við höfum ekki úr eins miklum fjölda í mannafla að spila og önnur nútímasamfélög. Innviðir samfélaga eru nú þess eðlis að stjórnsýslan verður sífellt flóknari. Ég held því fram að ein af ástæðum bankahrunsins hafi verið sú að við gátum ekki mannað nægjanlega vel allar þær stöður sem þurfti. Við viljum oft gleyma því að við erum langt frá því að geta talið okkur smáþjóð.“

Við erum örbjóð. Á aðeins tveimur sviðum skiptum við máli á heimsvísu. Annað þeirra eru bókmenntirnar sem voru skrifaðar á 12. og 13. öld en hitt er landhelgisútfærslan á 20. öld. Hún var gerð í mörgum skrefum og það tók hátt í öld að ljúka því verki. Þar ruddum við brautina og skiptum máli bæði á alþjóðavísu og fyrir okkur sjálf sem velmegandi þjóð. Heimsstyrjaldirnar tvær skiptu líka máli fyrir efnahagsþróunina. Mikil tækni barst þá hingað til lands og hér varð blússandi gangur í þó nokkra áratugi og hefur verið að miklu leyti síðan.“

Styrkleiki í að líta stórt á sig

Ágúst segir Íslendinga líta svo stórt á sig að það liggja við móðgun að nefna fámennið. „Íslenska þjóðarsálin vill vinna í öllum keppnum. Við viljum vinna á Ólympíuleikum en gefum ekkert fyrir sigra á Smáþjóðaleikum. Ef til vill er það einn af styrkleikum þjóðarinnar að hafa svona mikinn metnað. Hluti af því sem hefur gert okkur að þjóð er að við höldum tungumálinu okkar. Við áttum sögurnar, kváðum vísur, meðal annars rímur í þúsund ár og höldum þjóðinni saman á grundvelli tungumáls og ritlistar. Sagan geymir dæmi um margar þjóðir sem runnu inn í aðrar þjóðir. Hér hjálpaði fjarlægðin einnig til, það er að við erum langt frá öðrum þjóðum. Erfið tímabil hafa komið í sögu landsins. Eitt sinn átti að flytja alla Íslendinga á Jótlandsheiðar og full alvara var að baki þeirri tillögugerð. Danir voru áhyggjufullir yfir þessari nýlendu sinni á þeim tíma. Við sjáum líka þann mikla brottflutning sem varð til Vesturheims á síðari hluta 19. aldar. Hvort slíkir atburðir geta endurtekið sig er spurning. Fólk er miklu hreyfanlegra nú en áður. Við höfum séð þetta gerast innanlands. Gjörbreyting hefur orðið á búsetu og fólk þjappað sig saman á Suðvesturlandi. Margir hafa

líka farið til útlanda á síðustu árum og líkur eru á því að það eigi eftir að aukast. Margir hafa farið til Noregs og vegnar vel þar enda Noregur eitt ríkasta land í heimi og lífskjör mjög góð. Íslendingar eru líka almennt vel metnir á meðal Norðmanna. Við höfum líka búið svo vel að margir Íslendingar dvelja tímabundið í útlöndum við nám og vinnu en koma svo heim reynslunni ríkari.“

Ekki sjálfgefið að allt gangi eins

Ágúst segir ekki sjálfgefið að á 21. öldinni muni allt ganga hér eins og á þeirri 20. „Við þurfum að hafa fyrir því og við verðum líka að sjá möguleikana sem hin nýja atvinnuháttabylting hefur í för með sér. Sú fyrri varð í iðnbyltingunni upp úr 1750 þegar með gufuaflinu kom utanaðkomandi orka í miklum mæli í fyrsta sinn í sögunni inn í samfélag mannsins. Nú erum við að upplifa aðra atvinnuháttabyltingu með öðrum tækniframförum, með tölvutækninni og breytum samskiptaháttum og einnig aukinni þekkingu í lífvísindum og erfðafræði. Þetta kemur einnig fram í skapandi atvinnugreinum sem byggja á menningu. Þar er mikil framtíð fyrir þjóð eins og okkur sem er mjög meðvituð um menningarlega starfsemi. Ég hef skrifað nokkrar bækur um þetta en mér þykir breytingarnar ganga of hægt. Við verðum að leggja enn meiri áherslu á menntun og skapandi greinar, menningariðnað og annað slíkt. Þetta gefur góðar tekjur og góð lífskjör og það er mikil eftirspurn eftir fólk í þessum greinum. Ef það er eitthvað sem útlandingar vita um Ísland fyrir utan náttúruna þá hafa þeir heyrt af menningunni og þá ekki síst tónlistinni. Við höldum því oft fram Íslendingar að við séum með gott menntakerfi. Það er ekki rétt. Ég er búinn að starfa í áratugi innan íslenska menntakerfisins og veit að það er ekkert sérstakt –

Það kostar okkur marga milljarða á ári að vera með okkar eigin veiku mynt og halda henni með höftum sterkari en veruleikinn endurspeglar er aldeilis fráleitt.

kannski ekkert slæmt heldur. Ég var í stjórn málum um tíma og fann að áhuga skorti þar á menntamállum og hann vantar enn. Sama hvar er borið niður í stjórn málaflökum. Menntamálin eru spariumræða en ef menn vilja tala um sjávarútvegsmál eða byggðamál eru allir ræðustólar fullir. Þarna erum við að sitja af okkur tækifæri sem aðrir grípa.“

Mikil umskipti hafa orðið

Ágúst leiðir talið að atvinnulífi heimsins og segir að umskipti hafa orðið. „Margar vörur sem við Vesturlandabúar kaupum eru framleiddar við ómannúðlegar aðstæður í fátækum ríkjum Asíu. Við erum ekkert að gefa því mikinn gaum en í sjálfa sér er þetta ekkert annað en þrælalahlid og barnaprælkunin sem blómstraði í Vestur Evrópu og Bandaríkjunum fyrir ekki svo löngu síðan. Full ástæða er einnig til að hafa áhyggjur af þeirri ófgahyggju sem er orðin mun meira áberandi í allri umræðu heldur en var. Þessi umræða minnir mig á ástandið sem var í Evrópu á milli 1920 og 1935 þegar ófgaöflin urðu ráðandi á meginlandinu og sem leiddi til valdatöku nasista í Þýskalandi, fasista á Spáni og á Ítalíu og síðar til seinni heimstyrjaldarinnar og miklum hörmunum um allan heim. Ég hef áhyggjur af því að við séum að sigla inn í álíka tímabil. Þessar ófgar koma nú fram í kosningum í lýðræðisríkjum og þær eru þegar farnar að setja mark sitt á íslensk



KOMDU MEÐ BÍLINN Í FRÍA TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málningarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bilgeinasambandinu. Við tryggjum hámarksæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Stöðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



Framrúðuskipti
Skiptum um framrúður og önnur annars konar rúðuskipti. Sjáum um óll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerheirnsun á bil.



Mössun / snyrting á lakki
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkimössun og blettanir.



Dekkþjónusta
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í viðgerð.



Rétting og málning
Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst trústu kröfur.



Bílavottur / djúphreinsun
Bjóðum við upp á almennan bílavott, djúphreinsun, bón ofi. Frir þvottur fylgir öllum viðgerðum.



Innréttingar / áklæði
Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



Smáviðgerðir
Samhlíða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

stjórnarmál. Mér finnst vanta stefnu út úr þessum vandræðum og þar held ég að menningin geti komið til hjálpar með hugmyndafræði um náungakærleika og umburðarlyndi að leiðarljósi. Náungakærleikur og umburðarlyndi er áberandi í öllum trúarbrögðum. Þótt finna megji öfgahyggjumenn í íslam, í kristinni trú og fleiri trúarbrögðum þá er náungakærleikurinn meginstefin í þeim öllum.“

Fjölgun mannkyns eitt af stóru málunum

Ágúst bendir á að fólksfjölgunin sé eitt af stóru málunum í veröldinni í dag. „Talið er að þegar Jesús Kristur fæddist fyrir rúmum 2.000 árum hafi jarðarbúar verið um á bilinu 200 til 300 milljónir. Í byrjum 20. aldar voru þeir orðnir um 1,3 milljarðar sem þýðir að þeim hafði fjölgað um einn milljarð á 2.000 árum. Núna er íbúafjöldi jarðarinnar um 7,3 milljarðar sem þýðir að fjölgunin á 20. öldinni og það sem af er þeirri 21., á aðeins 115 árum, var 6 milljarðar. Þetta er nokkuð sem við höfum aldrei séð í sögunni fyrr. Þetta gerir allan samburð við fyrri aldir og söguna í heild marklausa. Þessi mikla aukning fólksfjölda er að mestu í Asíu en einnig í Afríku. Þetta hefur meðal annars orðið til þess að mannlífið er orðið miklu minna virði en áður. Við sjáum að barist er víða í heiminum en það er eins og menn kippi sér ekkert sérstaklega upp við það. Alþjóðasamfélagið nær til að mynda ekki tókum á 200.000 manna mannfalli eins og er í Sírylandi. Ég held því fram að þær breytingar sem nú eru að eiga sér stað séu mestu breytingar í sögu mannsins. Jafnvel meiri breytingar en þær sem urðu fyrir um 250 árum með iðnbyltingunni, stofnun Bandaríkjanna, frönsku byltingunni og öðru sem átti sér stað á þeim tíma, þegar borgarastéttin tók völdin af aðalsmönnum og kóngum. Við gerum okkur ekki fulla grein fyrir þessum breytingum fyrr en að einhverjum tíma liðnum.“

Farsælt að vinna með öðrum þjóðum

Ágúst segir að þjóðir verði að standa saman og dregur okkur ekki undan í þeim efnum. „Okkur hefur gagnast mjög vel að vinna með öðrum þjóðum á alþjóðavísu. Dæmi um þetta er þegar við gengum í Sameinuðu þjóðirnar og Atlantshafsbandalagið og gerðum EFTA og EES samningana. Þessar ákvarðanir voru mjög umdeildar hérlendis og umdeildari en í flestum öðrum löndum. Allt þetta hefur orðið okkur mjög farsælt. Við megum aldrei gleyma því að svo fámenn þjóð sem Íslendingar hefur minni möguleika en fjölmennari þjóðir og við verðum að vera raunsæ hvað það varðar.“

Eigum að selja okkur dýrt

Ágúst telur Íslendingar haga sér oft eins og þeir séu að reyna að grípa gullgæs sem sé að fljúga í burtu. „Ég get tekið umræðuna um ferðamennina sem dæmi. Talið er að um ein milljón erlendra ferðamanna muni koma hingað á þessu ári. Þetta er þó ekki mikið í samanburði við ferðamenn í nágrannalöndunum. Um 60 milljónir útlendinga komu til Spánar á árinu 2013 og 30 milljónir komu til Þýskalands og Bretlands, hvors lands. Ef við skoðum Norðurlöndin þá komu 11 milljónir erlendra ferðamanna til Svíþjóðar á síðasta ári, 8 milljónir til Danmerkur og rúmar 4 milljónir til Noregs og Finnlands hvors um sig. Það sem er sérstakt fyrir Ísland er að þessi eina milljón er þreföld íbúatala landsins. Ef við miðum við hin Norðurlöndin þá er fjöldi erlendra ferðamanna álíka og íbúafjöldi þeirra en hér er hann þrefaldur. Þess vegna er erfiðara að vinna úr þessu fyrir okkur og þetta er mikil ániðsla á náttúruþerlum. Menn gleyma því að þótt ferðapjónusta sé víða stór atvinnugrein þá er hún mannfrek láglaunaatvinnugrein sem þarfnast einkum ófaglærðs vinnuafls. En þrátt fyrir það eigum við að stunda hana af krafti en selja okkur dýrt. Við eigum að einblína á gæða menningar- og náttúrutengda ferðapjónustu en láta annað eiga sig. Það er sláandi fyrir okkar að tekjur af hverjum ferðamanni hafa verið að minnka. Við erum ekki að fara rétta leið. Fólk hefur komið hingað í áratuga á stórum bilum með allt viðurværi með sér, ekur um landið en kaupir lítið eða ekkert og skilur nánast ekkert eftir í verðmætasköpun. Hið sama á við ótal farþega á skemmtiferðaskipum, sem skila litlum tekjum.“

Verðum að afnema gjaldeyrishöftin

Hagfræðingurinn kemur upp í Ágústi þegar talið berst að efnahagsmálunum og hann er í engum vafa

um hvað verði að gera. Hann segir að nú blasi aðeins eitt verkefni við. „Við verðum að afnema gjaldeyrishöftin. Ef við gerum það ekki mjög fljótt þá siglum við öllu aftur í strand. Við erum að halda uppi gengi gjaldmiðilsins með höftum sem er bæði dýrt og beinlínis heimskulegt. Það kostar okkur marga milljarða á ári að vera með okkar eigin veiku mynt og halda henni með höftum sterkari en veruleikinn endurspeglar er aldeilis fráleitt. Því miður eru þeir orðnir fáir sem muna höftin sem voru hér fyrir 1960. Þegar Viðreisnarstjórnin tók við þá tók það hana langan tíma að taka upp frelsi í viðskiptum. Við vorum þá með höft með tilheyrandi klíkuskap og spillingu áratugum lengur en þurft hefði að vera. Andstaða við framfarir hefur verið allt of áberandi hér á landi. Góð lífskjör hérlendis byggjast nær eingöngu á því hversu langan vinnudag við vinnum og mun lengri en nágrannar okkar. Þessi langi vinnudagur og hin mikla atvinnuþáttaka kvenna skapar tekjur heimilanna og þau lífskjör sem við búum við.“

Við þurfum að vanda okkur

En aftur á Nesið og Ágúst veltir framtíð þess fyrir sér. Hvort æskilegt er að það verði hluti af Reykjavík. Hann rifjar upp að eitt sinn hafi verið kosið um sameiningu. „Ég var einn af þeim fáu sem vildu það á þeim tíma en ég er almennt maður stærrri eininga. Ég myndi þó ekki gera það núna. Þetta er ágæt eining. Hún hefur gefist vel og ef nokkuð er þá er Reykjavík orðin of stór. Borgin hefur af þeim sökum ekki vald á öllu sem hún þyrfti að ná tókum á. Þjóðin býr nær öll hér og fólk heldur áfram að flytja á höfuðborgarsvæðið hvort sem það er til Reykjavíkur eða nágrannasveitarfélaganna. Engu að síður þá erum við alltaf að tala eins og umtalsverður hluti fólksins búi út á landi. Það er bara ekki lengur þannig. Fámennið og búsetumynstrið skapar okkur vandamál. Við þurfum að vanda okkur á næstu árum en það er vitaskuld hægt. Svartsýni er vondur ferðafélagi en raunsæi og bjartsýni fara vel saman.“

UMHVERFISHORNID

Nokkuð gott varp



Svandís og fjölskylda. Mynd tekin 10. september 2014.

Varp var nokkuð gott hjá mörgum fuglum í sumar. Hlýtt vor og ágætis sumar þó júlí væri blautur. Svandís kom upp tveimur ungunum í sumar okkur Seltirningum til mikillar ánægju.

Afkoman hefur ekki verið betri hjá kríunni síðan 2004. Fleiri ungar komust á legg en á árunum 2005-2013, en 2005 var metár, þó það hafi lítið sem ekkert komist á legg af ungunum það ár.

Í júlí kom töluvert magn af sandsílum inn í vikur og voga á innnesjum og hafði það góð áhrif á kríur á Seltjarnarnesi og Álfanesi, lunda í Akurey og Lundey, sílamáv á Álfanesi og víðar og sjálfsagt fleiri fugla.

Krían ætti því ekki að yfirgefa okkur strax. Vonandi er þetta bara byrjunin á betri tíð.

Heimildir Jóhann Óli Himarsson, formaður Fuglaverndarfélags Íslands.

F.h. umhverfisnefndar Margrét Pálsdóttir, formaður.



Rauða ljónið
síðan 1989

**HEITUR MATUR
Í HÁDEGINU
OG Á KVÖLDIN**

TAKTU MED
ETA
BORDAÐU Á STAÐNUM

flövu matur



Menningarveisla á Nesinu

Fjölbreytileiki ræður ríkjum í menningardagsskrá Seltjarnarnesbæjar sem nú er að líta dagsins ljós. Bókasafnið heldur uppi öflugri starfsemi þar sem bæði bregður fyrir nýjum dagsskrárliðum og sömuleiðis hefðbundnum uppákomum. Septembermánuður hófst með degi bókasafnanna mánudaginn 6. og 13. september kom Ómar Ragnarsson í heimsókn á Degi íslenskrar náttúru við mikinn fögnuð gesta.

Sterk hefð er fyrir fundum bókmenntafélagsins fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði kl. 20:30. Á fyrsta fundinum þann 7. október rifja þátttakendur upp bóklestur sumarsins og verður hluta tímans varið til að ræða bókina Mánastein eftir Sjón. Viku síðar, eða þann 14. október, mun skáldið Sjón koma í heimsókn fjalla um bókina, aðdraganda hennar og rithöfundarferil sinn. Þriðjudaginn 4. nóvember verður bókina Rosie verkefnið eftir Graeme Simsion tekin fyrir og þriðjudaginn 2. desember á aðventustund safnsins kemur jólabókahöfundur í heimsókn.

Tónstafir

Samstarfsverkefni Bókasafnsins og Tónlistarskóla Seltjarnarness hefur laðað að sér marga gesti, enda um ókeypis tónleikaröð að ræða. Fyrstir til að stíga á stökk þann 9. október er

Jazztrío undir stjórn Guðjóns Þorlákssonar. Fimmtudaginn 6. nóvember býður Gunnlaugur Björnsson upp á klassískan gítarleik og þann 4. desember mun strengjasveit Helgu Þórarinsdóttur halda sína árlegu jólatónleika í safninu.

Litla jazzhátíðin

Bæjarlistamaður Seltjarnarness, Ari Bragi Kárason, hefur látið að sér kveða á árinu og mun hleypa birtu og yl í skammdegið með lítilli jazzhátíð sem fram fer helgina 1. og 2. nóvember. Á laugardagskvöldinu djassband Ara Braga, Annes, tónleika í Félagsheimili Seltjarnarness ásamt úrvalsdeild blásara í Tónlistarskóla Seltjarnarness. Annes er auk Ara Braga skipað þeim Eyþóri Gunnarssyni, Guðmundi Péturssyni og Einari Scheving. Aðgangseyrir er 1000 krónur. Sunnudaginn 2. nóvember halda Ari Bragi og Eyþór Gunnarsson tónleika í Seltjarnarneskirkju kl. 16 en þá er aðgangur ókeypis.

Eiðissker

Sýningarsalurinn Eiðissker nýtur vaxandi vinsælda meðal listamanna sem sýningarvettvangur á tvívíðri og þrívíðri list. Í ágústlok opnaði Jón Axel Björnsson málverka- og teikningasýninguna Endurkast sem stendur til 10. október. Fimmtu-

daginn 16. október mun listamaðurinn og hönnuðurinn Sigga Rún opna sýningu þar sem hún vinnur m.a. með muni úr náttúrugripasafni bæjarins og hefur fengið hinn kunna fuglafræðing Jóhann Óla Hilmarsson til að fjalla um samspil hönnunar og náttúru föstudaginn 24. október. Seltjarnarnesið með augum málarans Sigursveins H. Jóhannessonar fær svo að njóta sín frá og með 20. nóvember þegar sýningin Frónari verður opnuð þar.

Jólabókahöfundar og aðventustund

Þrjár af vinsælustu jólabókahöfundunum í ár verða gestir Bókasafnsins þriðjudaginn 25. nóvember þegar hin árvissa og sívinsæla höfundakynning fer þar fram. Kynningarnar hafa ávallt verið einn af bestu sóttu viðburðum safnsins enda stemningin einstök og rithöfundarnir ósparir á leyndardómana á bak við höfundarverk sín. Í byrjun desember er svo stefnt að aðventustund fyrir alla fjölskylduna þar sem barnabókahöfundar koma í heimsókn, kennt verður að gera þrívíð jólakort og fleira undir ljúfum jólatónum.



Seiðandi haust



MANDUKA
jógadýnur, handklæði og annað af ALLRA bestu gæðum!

NÝ SENDING!



VIRIDIAN
vegan vítamín. Án auka- og fylliefna.

NÝTT GÆÐAVIÐMIÐ!



PACIFICA
nærandi roll-on náttúruilmvötn. 10 tegundir.

VÖNDUÐ, ÁN EITURS OG ALVEG VEGAN!



Úr jókastúdíóinu, í vinnuna og beint út á lífið!

Ómótstæðilega lífrænn og sanngirnissvottaður 360° fatnaður.

FRAMTÍÐIN ER NÚNA!

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Fyrir neðan sundlaugina og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagið
Sími: 5116367

AFGREIÐSLUTÍMI:

Virkir dagar
Laugardagar

9 - 18
10 - 16

Félagsstarf eldri bæjarbúa á Seltjarnarnesi

Þriðjudaginn 2. september s.l. var haldið vöflukaffi og kynningarfundur vegna vetrarstarfs eldri bæjarbúa á Seltjarnarnesi. Yfir eitt hundrað manns mættu í Félagsheimilið.



Yfir eitt hundrað manns mættu.

Nokkrum dögum áður var dagskrá félags og tómstundastarfsins borin út til allra íbúa 67 ára og eldri. Farið var yfir það helsta í dagskránni fram að áramótum. Félagsstarfið hefur átt gott samstarf við ýmsar stofnanir bæjarins og mættu aðilar frá kirkjunni, bókasafninu, og bænum og upplýstu þau um það sem á döfinni er í vetur ásamt því sem forstöðumaður félagsstarfsins kynnti dagskrána. Það lýtur út fyrir aukna þátttöku á nær öllum sviðum dagskrárinnar og er það vel. Þessa dagana er allt að komast í fastar skorður. Vegna ýmissa orsaka þá varð dráttur á að námskeiðin í leir og gleri gætu hafist, en nú eru þau einnig komin af stað. Húsnæðismál, viðhald og pássleysi hafa aðeins verið að há starfsemi, en reynt er að leysa þau mál eftir bestu getu hverju sinni. Nú horfum við bara fram á við og minnum á útgefna dagskrá og hverjum fólk til þátttöku.

Dagskrá hvers dag byrjist í Morgunblaðinu undir félagsstarf eldri borgara, á heimasíðu bæjarins og svo smátt og smátt erum við að koma okkur inná facebook: eldri borgarar á Seltjarnarnesi þar sem við reynum að setja inn ýmsar upplýsingar og myndir.

Pegar þessar línur eru ritaðar þá er ófarin „óvissuferðin“ sem kirkjan og félagsstarfið standa að sameiginlega, en sú ferð verður farin þriðjudaginn 16. september og er kominn biðlisti.

Haustfagnaðurinn þar sem fáum grillvagninn til okkar verður í salnum á Skólabrautinni fimmtudaginn 25. september. Skráning hafin. Fimmtudaginn 23. október ætlum við í aðra „óvissuferð“. Við keyrum aðeins um, förum út í nýju hverfin í Reykjavík og endum svo í Hannesarholti við Grundarstíg þar sem við fáum leiðsögn og kaffi. Skráning hafin.

Námskeiðið í Egils sögu Skalla-Grímssonar hefst 15. október og er skráning í gangi.

Bókband hefst í október og verður haft samband við þá sem hafa skráð sig. Allar nánari upplýsingar um félagsstarfið og skráning í ferðir og á námskeið er í síma 8939800. Forstöðumaður félags og tómstundastarfs eldri bæjarbúa á Seltjarnarnesi er Kristín Hannesdóttir.

Andrúmsloft og saga Nesstofu sögð í myndlist

Tvær norðlensk ættaðar myndlistarkonur sýna myndverk í Nesstofu á Seltjarnarnesi um þessar mundir. Þær eru Kristín Gunnlaugsdóttir myndlistarkona og Margrét Jónsdóttir leirlistakona. Sýningin ber nafnið „Kláði, sviði, verkur, bólga og pirringur“ og er unnin með andrúmslofti og sögu Nesstofu í huga.



Eitt verkanna á sýningunni.

Inntak sýningarinnar snýr að tengslum nútíma Íslendinga gagnvart fortíð sinni, ekki síst hvað varðar heilbrigði og úrræði til lækninga ásamt tengingum þeirra við náttúruna. Á sýningunni verða verk unnin úr steinleir, útskorin verk úr tré og veggteppi. Sýningin er unnin í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands og Seltjarnarnesbæ. Sýningin stendur til 12. október og er opin á laugardögum og sunnudögum frá kl. 13 til 17. Sýning þeirra er mjög áhugaverð og ekki síst hvernig þær túlka merka sögu og andrúm sem var landanum nýnæmi á sinni tíð í myndverkum sínum. Þær Kristín og Margrét eru báða löngu þekktar af verkum sínum. Verk Kristínar í gegnum tíðina spanna vítt svið. Allt frá íkonum með trúarlegu ívaði til túlkunar mjög svo jarðbundinna hluta eins og Seltirningum er kunnugt af sýningum hennar. Margrét hefur fyrst og fremst lagt leirlistina fyrir sig og var brautryðjandi á því

sviði í heimabæ sínum Akureyri.

Við opnun sýningarinnar þann 13. september sl. sýndi meðlimir úr Raven Dance sýna dans á hlaðinu. Laugardaginn 20. september flytur Guðrún Ásmundsdóttir sögur af ljósmæðrum, „Nærkonur af Nesinu“ kl.15:00. Laugardaginn 27. september kl. 15:00 fjallar Ásdís Ragna Einarsdóttir grasalæknir um notkun og áhrif íslenskra lækningajurta og laugardaginn 4. október kl.15:00 fjallar Gunnlaugur Guðmundsson stjórnumspekingur um náttúrugegn mannsins, lögmál og kenningar stjórnumspeki. Á sama tíma og sýningin opnar í Nesstofu, opnar Kristín Gunnlaugsdóttir sýningu á teikningum tengdum sýningunni í Innra rýminu, Stúdíó Stafni, Ingólfsstræti. 6. Verkin verða þar til sýnis til 21. september og er opin daglega frá kl. 14.- 17.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurlíð 35, Rvík. • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is



Sverrir Einarsson

Kristín Ingólfssdóttir

Hinrik Valsson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



LEGSTEINAR

MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGIHLUTUM

VÖNDUÐ VINNA



Stofnað 1952

Steinsmiðjan Mosaik

Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is



17 ára reynsla og þekking í sölu fasteigna

www.frittsoluverdmat.is

ANDRI SIGURÐSSON
Löggiltur fasteignasali

s. 690 3111



RE/MAX
LIND

**Foreldrar
verum samtaka**



Útivistarreglurnar

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22


13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþróttá- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



Samstarfshópur
um forvarnir

SAMAN



Ríkislögreglustjórnin



Gróttu í 1. deild

Meistaraflokkur karla í knattspyrnu tryggði sér á dögunum sæti í 1. deild á næsta leiktímabili.

Gróttu sem í allt sumar hef-ur verið að spila vel, var búið að leika 4 leiki án sigurs áður en það kom að leiknum gegn Aftureldingu. Gróttustrákarnir sýndu það í þessum leik að þeir ætluðu sér upp um deild, því þeir lögðu lið Aftureldingar með 4 mörkum gegn 1.

Mikill kraftur var í Gróttuliðinu og þegar ljóst var í leikslok að önnur úrslit í deildinni höfðu fallið Gróttu í vil og að sætið í 1. deild



Marki fagnað gegn Aftureldingu.

væri öruggt að þá brutust út mikil fagnaðarlæti.



Sæti í fyrstu deild fagnað í leikslok.

Norðurlandameistari í kraftlyftingum

Ragnheiður Kr. Sigurðardóttir, Gróttu sigraði í 57 kg flokki á norðurlandamóti í kraftlyftingum sem fram fór í Njarðvík þann 22. ágúst sl. Þá var hún í þriðja sæti í heildarkeppninni.

Ragnheiður átti frábæran dag og voru átta lyftur af níu gildar. Hún setti Íslandsmet í hnébeygju (145 kg), réttstöðulyftu (162,5 kg) og í samanlögðum árangri (400 kg). Þessi frábæra frammi- staða gaf henni 484,9 wilksstig sem er besti árangur íslenskra kvenna í kraftlyftingum.

Aron Teitsson, Gróttu átti ein- nig góðan dag og landaði silfur- verðlaunum í sínum þyngdarflokki, 93 kg. Hann bætti sig töluvert, setti Íslandsmet í hnébeygju (310 kg), bekkpressu (235 kg) og í saman- lögðum árangri (835 kg).



Ragnheiður Kr. Sigurðardóttir.



Aron Teitsson.

Gróttustúlkur á Eurogym 2014



Efri röð frá vinstri: Kristín Klara, Ása, Guðný Sif, Diljá Sól, Lára Björt, Thelma Rut, Marta, Júlía Karín, María Elísabet, Guðrún Soffía og Hildur Ylfa.

Neðri röð frá vinstri: Hrafnhildur Helga, Embla Sól, Ragnheiður Kristín, Hanna Guðrún, Elísabet Thea og Arnhildur.

Sautján Gróttustúlkur tóku þátt í Eurogym 2014 sem fram fór dagana 13. til 18. júlí. Þetta var níunda Eurogym hátíðin og var að þessu sinni haldin í Helsingborg í Svíþjóð. Sautján stúlkur á aldrinum 13-14 ára úr fimleikadeild Gróttu tóku þátt í hátíðinni, en alls voru yfir 4000 þúsund þátt- takendur á hátíðinni víðsvegar að úr Evrópu.

Hátíðin er sýningarhátíð þar sem að sýningar fara fram á útisviðum um alla borgina. Stúlkurnar okkar sýndu atriði við tónlist Bjarkar sem að þær kölluðu Norðurljós. Atriðið var glæsilegt og vel útfært

af stúlkunum, en Katrín Eyjólfsdóttir þjálfari samdi atriðið og þjálfaði stúlkurnar fyrir hátíðina. Stúlkurnar sýndu einnig dansatriði á lokahátíðinni fyrir mörg þúsund manns sem var frábær upplifun. Auk sýninganna tóku þær þátt í stuttum námskeiðum m.a. í bogfimi, regga- eton-dansi og „windsurfing“. Í kringum íþróttasvæðið var margt skemmtilegt í boði, hægt að fara í leiki og dansa svo eitthvað sé nefnt. Ferðin var vel heppnuð í alla staði og við erum strax farin að hlakka til næstu hátíðar sem verður eftir tvö ár í Tékklandi.

HEIMASÍÐA GRÓTTU
www.grottasport.is



GETRAUNANÚMER

GRÓTTU ER

170



Stefán, Saga og Karl Pétur tilbúin í slaginn.

Útsvarsliðið í startholunum

Árangur Útsvarsliðs Seltirninga á síðasta vetri var einstaklega góð og keppti liðið í þrígang í sjónvarpssal. Hinn sívinsæli spurningabáttur RUV hefur göngu sína á ný í haust en að sögn Soffiu Karlsdóttur sviðsstjóra menningar- og samskiptasviðs Seltjarnarness hefur þrjú vaktina í fyrri, orðið við þeirri umleitan bæjarins að fara aftur fram fyrir hönd Seltirninga.

Fulltrúar liðsins eru Karl Pétur

Jónsson ráðgjafi og bæjarfulltrúi, Saga Ómarsdóttir viðskiptafræðingur og markaðsfulltrúi hjá Icelandair og Stefán Eiríksson sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkur. Soffía segir að bærinn sé að vonum þakklátur fyrir að sinna krefjandi störfum og sinna barnmörgum heimilum, en hópurinn á samtals 14 börn, sé tilbúð að fórna frítíma sínum í æfingar og þátttöku í keppinni.

Fréttatilkynning:

Aðalheiður hefur störf í Nýjalandi

Aðalheiður Hjelm Hómópati LCPH, höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð, BIOSUN eyrnakerti og SCIO orkujöfnun.

"Ég hef hafið störf í Nýjalandi á Eiðistorgi og býð þar upp á tíma í hómópatíu, SCIO orkujöfnun, höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð og eyrnakertameðferð.

Ég nam snyrtifræði við Fjölbrotaskólann í Breiðholti 1989-1991, tók sveinspróf í snyrtifræði 1992 og meistara-próf 1993. Árið 1997 lá leið mín til London þar sem ég nam tísku- og ljósmynda-förðun við Glauca Rossi School of Make-up. Ég nam höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð, CST I, CST II, SER I, SER II, CSP sem er meðhöndlun með börn, við Upledger Institute, 2001-2004.

Ég nam hómópatíu við The College of Practical Homoeopathy, í Bretlandi, 2000-2004. Ég hefur flutt inn BIOSUN eyrnakerti frá því árið 2003, og veiti jafnframt eyrnakertameðhöndlun. Frá því 2007 hefur ég einnig notað SCIO orkujöfnunarlífið við meðhöndlunir. Ég hef jafnframt sótt fjölda námskeiða í gegnum árin, til að viðhalda og auka þekkingu mína."

Nýjaland, Eiðistorgi 13 - Tímáttanir í síma: 8983052 eða með tölvupósti; Netfang: alla@raetur.is - Vefsíða: www.raetur.is - Á facebook: Rætur Náttúrunnar

Sum stéttarfélag niðurgreiða meðferð hjá hómópata og höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð.



SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Saga Ómarsdóttir en hún er í liði Seltjarnarness sem keppir í Útsvari. Liðið náði góðum árangri í keppinni sl. vetur.

Fullt nafn? Saga Ómarsdóttir.

Fæðingard. og ár? 8. desember 1973.

Starf? Viðburða- og kynningarstjóri hjá Icelandair.

Farartæki? Land Rover.

Helstu kostir? Bjartsýn, glöð, skipulögð og held einstaklega vel utan um stórt heimili.

Eftirlætis matur? Lax, pizza með perum og gorgonzola og svo auðvitað súkkulaði.

Eftirlætis tónlist? Jólalög og sænsk sumarleyfistónlist.

Eftirlætis íþróttamaður? Öll börnin sem æfa íþróttir hjá Gróttu, þau eru öll frábærir íþróttamenn.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið? Flestir ef ekki allir dönsku framhaldsþættirnir eins og Forbryðelsen og Broen. Þessu til viðbótar er Solsidan sú sænska einnig í upphaldi.

Besta bók sem þú hefur lesið?

Allar bækurnar hennar Astrid Lindgren, þrileikur Stig Larsson og bækur Khaled Hosseini.

Uppáhalds leikari? Í augnablikinu er það Toni Collette.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Cinema Paradiso, Usual Suspects og svo margar danskar eins og Den eneste ene, De grønne slagtere og Den skaldede frisør.

Hvað gerir þú í fristundum þínum? Eyði þeim flestum með fjölskyldu og vinum, ferðast eins mikið og ég get og svo er ég alltaf á leiðinni oftast í ræktina.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Stokkhólmur á eitt fallegasta borgarstaðið af þeim borgum sem ég hef komið í og býr jafnframt yfir einstökum skerjagarði.

Hvað metur þú mest í fari annarra? Áreiðanleika, hreinskilni, hómór og svo auðvitað gott skap.



Hvern vildir þú helst hitta?

Ég hitti reglulega alla þá sem ég vil hitta.

Uppáhalds vefsíða? Yr.no enda er ég alltaf að biða eftir betra veðri og svo Facebook.

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf? Hjól með bjöllu og kannski körfu eða þá góðan spa-dag.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 5 milljónir í happdrætti? Leggja inn á sparnaðarreikning hjá börnunum mínum og fara síðan með fjölskyldunni í langa ferð til heitara landa.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag? Finna leið til að hækka kjör þessa yndislega fólks sem vinnur á leikskóla bæjarins, nýtt gervigras á Gróttuvöllinn og lengja opnunartíma í sundlauginni. Geri sem sagt ráð fyrir mjög löngum degi.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni? Að verða mjög gömul, hraust og einstaklega glöð kona.


Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Ég eyddi stærsta hluta sumarsins í að jafna mig eftir stóra aðgerð. Endurhæfing fór meðal annars fram í fadhmi fjölskyldunnar í Stykkishólmi og síðar Stokkhólmi. Nú tek ég haustinu fagnandi.



Hringbraut 119
Sími: 562 9292

NES FRÉTTIR www.borgarblod.is



göðgæti frá Jóa Fel

Brauð, kökur og kruðurí að hætti Jóa Fel

Fögnum hausti með góðu bakkelsi frá Jóa Fel.

Bakaríið við Hringbraut er opið alla virka daga frá kl. 7 - 18
og frá kl. 8 - 17 um helgar.

Verið hjartanlega velkomin.



BAKARÍ

Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Garðabær & Hringbraut